Glósur úr laganámi við Háskóla Íslands, 2 af 7

Bjarni Benediktsson – Háskóli Íslands – Laganám – Alþingi 1857-1859-1861-1863 – Kosningar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjörgengi til landsþings hefði hver sá, sem hefur óflekkað mannorð og innlends manns réttindi, og sé eigi bú hans uppboðs- eða þrota-bú, ef hann er fullra 40 ára að aldri og á hinu seinasta ári hefur annaðhvort goldið 200 ríkisdali í beinlínis skatt til ríkisins eða til sveitar, eða getur sannað, að árstekjur hans hafi numið 1200 ríkisdölum. – Í kjördæmum þeim, þar sem eigi eru nógu margir kjörgengir menn eftir þessari reglu að tiltölu þeirri við íbúa fjöldann, sem til skal tekin í kosningarlögunum, skal bæta við tölu hinna kjörgengu svo mörgum af þeim, sem mestan skatt gjalda í kjördæminu, að hlutfall þetta náist. § 40.

Kjördæmi til landsþings skyldu stærri en til fólksþings. Skyldu a.m.k. 3/4 þeirra er til þingmanna kosnir í hverju kjördæmi hafa átt þar fast heimili hið seinasta ár, áður kosningar fara fram. Til þess kosningar sé gildar, þarf meira en helming af atkvæðum þeim, sem greidd verða § 41.

Á landsþingi skyldu vera helmingi færri menn en á þjóðþingi § 42.

Kjörgengi 8 ár. Helmingur fer frá 4 hvert ár. Daglaun þau sömu og í þjóðþingi § 44.

Heimilað var, að ef nýir sveitar-
hinum stærri sveitarstjórnar-l. hefðu verið sama, mætti fá
nefndum (: ömtum eða landsíllumsjónum). til [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvort þing, áraatit kon. hafa lagafrumkv. rétt § 48 sbr. § 28. Ávarpsrétt hefur hvort þing § 49, rétt til að setja rannsóknarnefndir § 50. Hvort þing velur sér forseta § 64, setur sér þingsköp. § 70. Slíkt hið sama kýs sameinað alþing sér forseta og setur sér þingsköp. § 71.

Hvor deild hefur fyrirspurnarrétt § 66.

Hvort þing sker úr hvort þingmenn þess sé lögl. kosnir. § 58. Hvort þing hefur rétt yfir immunitäti þingmanna sinna. § 61.

Ráðherrar geta setið og rætt á báðum þingunum § 63.

Fjárhagslagafrumvarpið skal fyrst rætt á þjóðþinginu § 52,2

Hin ~~ökl.~~ frv. gildir að hafi þau verið feld af öðruhvoru þinginu þá ekki taka þau aftur til umræðu í sömu deild á því þingi. § 56.

Þegar búið er að samþykkja sérhvert lagafrumvarp á öðru þinginu, skal leggja það fyrir hitt þingið, eins og það var samþykt; sé því þar breytt, skal senda það aftur hinu fyrra þinginu; verði því enn breytt, sendist það á ný til hins þingsins. Verði menn eigi að heldur á eitt sáttir, þá skal hvort þing um sig, ef annaðhvort þingið krefur þess, kjósa jafnmarga þingmenn í nefnd, er [illegible] rétt um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ágreiningsatriðin. Að því búnu skal hvort þing um sig leggja úrskurð eftir því, sem nefndarmenn hafa farið fram á. § 57.

Uppást. um breytingar á grundv. eða viðauka við þau skal bera upp á reglulegu ríkisþingi. Verði ákvörðunin, sem um það er tekin, samþykkt óbreytt af hinu næsta reglulega ríkisþingi, og fallist konungur á hana, þá skulu bæði þing upp leyst og nýjar kosningar fara fram bæði til þjóðþingsins og landsþingsins. Verði ákvörðunin samþykkt í þriðja sinn af hinu nýja ríkisþingi, hvort heldur það er á reglulegu þingi eða á aukaþingi, og verði hún staðfest af konungi, þá verður hún að grundvallarlögum. § 100

Konungur getur leyst upp ríkisþingið, annaðhvort allt eða aðra hvora deild þess. Sé einungis annað þingið leyst upp frestast fundir hins § 27.

Þjóðþingið höfðar mál gegn ráðh. fyrir ríkisdómi, þar verða og dæmdir aðrir ákærðir af konungi með samþ. þjóðþings um þá glæpi, sem þykja mjög háskalegir fyrir ríkið § 73.

Í ríkisdómi eru 16 menn helmingur ~~kosinn~~ kosinn af landsþingi meðal landsþingmanna, en helm. af hæstarétti meðal dómara hans. § 72.

Sameinað ríkisþing setur ríkisstjóra í stað konungs í vissum tilfellum sbr. § 10 og 15. Setur konungsefni eða ríkisstjóra frest til að koma heim, sbr. § 15. Kýs konung og ákveður ríkiserfðir í ~~[illegible]~~ konungsefni til, § 15.

Í þessu frv. til laga um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins og um ríkisþingskosningar á Íslandi¹ (§ 11) skyldu Íslendingar kjósa 4 menn til þjóðþingsins danska og 2 menn til landsþingsins. Skilyrði² fyrir kjörgengi og ~~kosningarrétti~~ voru yfirleitt hin sömu og í Danmörku, og kosningarréttarskilyrði til þjóðþings hin sömu, en kosning til landsþings ~~skyldi~~ lögð í hendur alþingi, og var það ~~sem~~ ~~virðist~~ ~~hafa~~ ~~verið~~ byggt á § 44 dönsku grundvallarl. frá 1849, sbr. § 9 í stjórnarfrv.

Í § 2 voru talin upp sérmál Íslands og með § 3 var danska löggjafarvaldinu fengið úrskurðarvald um það, hver mál heyrðu undir það og hver undir alþingi.

Svo sem vitað er, þá gat meiri hluti nefndarinnar í stjórnarskipunarmálinu ekki fallist á frv. stjórnarinnar og samdi annað nýtt. Í nál.³ var farið rök að því, að ómögulegt sé fyrir Íslendinga að ganga að því að eiga löggjafarþing með Dönum og senda þangað til Danmerkur menn til þingsetu í réttu hlutfalli við fólksfjölda landanna.

Hinsvegar aðhylltist meiri hlutinn til að sameiginlegu málin yrðu ákveðin í sambandi við ákvörðun um sameiginleg mál aðalhluta veldisins yfirhöfuð, og Ísland tæki þátt í löggjöf um þau að tiltölu við aðra hluta konungsveldisins eftir því sem konungur

1) Prentað í Tíð. frá Þjóðf. 1851 s. 427 ff.

2) Sbr. §§ 12–55 frv.

3) Sbr. einkum Þjóðf. s. 501 ff.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30

sem þar um yrði ákveðin 4.

Hinn hlut: nefndarinnar (Þórður Sveinbj.) vildi láta nægja að gera breytingar á einstökum atriðum stjórnarfrv.5 þ.á.m., að úrskurður um deilur um hver mál skyldu heyra undir löggjöf ríkisþingsins og hver alþingis, skyldi komið undir samningum 3 manna frá hvorum, Alþingi og ríkisþingi, en ef þessum mönnum tækist ekki að fella lok á ágreiningsatr. skyldi konungur skera úr með ríkisráði sínu6. Þá vildi hann og láta ákv., að Íslendingar skyldu jafnan eiga einn mann á ríkisþingi Dana, og skyldi hann kosinn af alþingi til 6 ára. Skyldi hann geta rætt landsins í báðum málstofum ríkisþingsins, í þeim málum, sem snerta Danmörku og Ísland sameiginlega, og átt að vera 1 af þeim þremur er semja skyldu um ágreiningsmál.7

Um alþingi var sagt í stjfrv. § 9 að það skyldi ákveðið með lagaboði sér í lagi hvert vald alþingi yrði veitt í stjórn innanlandsmálefna, líkt því sem fyrir var að verða ákveðið um að ví sveitastjórnir í Danmörku8. Þórð. Sveinbj. þótti tilvitnunin til sveitarstj. í Danmörku óviðeigandi og ekki hafa neina sérleg þýðingu og vildi þeir láta sleppa henni 9. Í frv. og § 2 um að löggjafarvald yrði hjá konungi með þeirri tilhlutun sem alþingi hefði nú eða kynni síðar að verða veitt, sbr. og um afskipti alþingis af skattgreiðslu í landssjóð § 8 og af lögum, sem fyrir Ísland gilda, og

4) Þjóðfjt. s. 509 og 514/515.

5) Þjóðfjt. einkum 517/518

6.) Þjóðfjt. s. 523 og 519

7) Þjóðfjt. s. 525 og 520/521

Þessi kafli þarf ath. við er ónákvæmur og þvælul.

8) Þjóðfjt. s. 429, sbr. s. 470

9) Þjóðfjt. s. 525 og 520.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gert u fyrir ríkisþingit 310. Þ. Sölvg., vildi nauman láta aukaafskrift: alþ. af þinitíkum málum en þó skyldi vald þess eftir hans till. verða lögsna vörðt —

Um samsetning alþingis var hvorki rætt í stj.frv. né í nál. þ.fr. en því skotið til frv. um kosningarl. til alþingis, sem fyrir þingit var lagt samtímis og hitt frv., og er þat prentat á Þjóðfl. s. 484.
Í kv. § 1 skulu sitja á alþingi 30 þjóðkjörnir menn, og kjósa sýslurnar kjördæmin (sýslurnar)x) 1 fulltrúa og hin minni 1. Konungur áskilur sér þar at auki at nefna, sem áður, sex alþm., fjóra af veraldlegri stétt og tvo af andlegri.
Í kv. § 2 á kosningarrétt til alþ. hver maður, sem kosningarrétt hefur á Íslandi til þjóðþingsins og gildur til sveitar af efnum sjálfs sín.
Í kv. § 3 er kjörgengur til fulltrúa á alþingi hver maður, sem kjörg. er til fulltrúa á þjóðþingit, ef hann á a.m.k. 10 hundruð í jörðu á Íslandi, eða heldur jörð, sem byggð er honum æfilangt, og er 20 hundruð at dýrleika, eða á þar múrhús eða timburhús, er metið sé eigi minna en 1000 rbdd. með löglegri virðingargjörð er eigi sé meira en 6 ára gömul. Skyldu eigi verða svo margir kjörgengir menn eftir reglu þessari í kjördæmi nokkru, at 1 verði kjörgengur af

x) Aths. frv. (Þjóðf. s. 489-491) fulltrúar upphaft at mynni kjördæmaskipun, ekki byggðri á sýsluskiftingu, sem stjórnin gerir þó ekki at tillögu sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 hverju íbúa í kjördæminu eftir hinni síðasta fólkstalstöflu, skal bæta við tölu hinna kjörgengu svo mörgum þeirra, sem gjalda mesta skatta í kjördæminu eftir manntalsbókinni, að hlutfall þetta náist.

Skv. 311 þá skulu atkvæði greidd með þeim manni, sem á heima utan kjördæmis meðan að engu, nema sannað sé áður fyrir kjörþingstjórn að hann sé kjörgengur og vilji takast á hendur kosninguna í því kjördæmi og engu öðru.

Skv. 312 er sá eða þeir, sem fá fleiri atkv. en nokkrir aðrir, kosnir. Sé atkv. jöfn mörg ræður hlutkesti.

Skv. 314 skal innan kjördæmis m. mátur tilkynna þegar, er hann veit, um kosningu sína, tilk. hvort hann tekur við kosn. eða ekki, ef hann synjar kosn. skal kosið að nýju.

Skv. 315 eru alþm. kosnir til 6 ára.

Í áðurt. fylgir frv. segir m.a. svo:[10]
„En þótt það sé einkum lagi fyrir höndum, að heimfæra til Íslands hinar sömu frjálsari reglur, sem byggð eru á dönsku kosningalögin, varð þó ýmsu að haga á annan hátt, vegna þess að kringumstæðurnar eru ólíkar. Þó ef litið er til, hvernig fulltrúaþingið í landsparti þessum er fyrir komið í samanburði við fulltrúaþing alls ríkisins, þá virðist næg ástæða til, að heimta nokkuð meiri vissu fyrir staðfestu hjá fulltrúaþingi

10) Þjóðf. s. 488/489.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því, sem fyr var nefnt, og eins má ekki
missa sjónir á því, að nú hið þingið
er skipt í tvær þingdeildir, þar það
væri ekki samsvarandi réttum grund-
vallarreglum, að heimfæra, þar sem
ekki er nema eitt þing, kosningarreglur
þær, er eiga sér aðeins stað fyrir
aðra af þeim tveimur þingdeildum.
Nú með því, að tvöfaldar kosningar
er óneitanlega verða nokkuð meiri
vissu í nefndu tilliti, virðist ekki
hafa náð mikla hylli á Íslandi, þá
lá það næst fyrir höndum fyrir
stjórnina, að feta í öðru tilliti
stig þann, sem greiddur hefur verið
fyrir landþingið, að heimta meiri
vissu fyrir kjörgenginni"

„Að konungur hefur áskilið sér rétt
til, að nefna jafnmarga menn til
þingsins og áður, er byggt á sérstak-
legri stöðu alþingis, þar sem þing
þetta er fulltrúaþing fyrir einstakan
landspart og því eigi skipt í
deildir, og hefur einmitt bæði í
þessu tilliti og í reglunum um kjör-
gengi verið höfð hliðsjón til stöðu
alþingis, sem aðeins ráðgjafarþings,
og til hluttekningar þeirrar, er í
því skyni hefur að verða veitt þing-
inu í stjórn innlendra mála!"

Um hin þrengri kjörgengis álög-
ur benti nú það til þeirra ákvæða,
sem hér hafa verið talin. Sagt
að beinlínis-skattar, eftir því sem
þeim er varið á Íslandi, geti ekki
verið neinn hentugur mælikv. og
hafi því ákv. þar, sem þegar gildir
verið tekin upp, með varákv. um
skattgjald.12)

11) Þjóðólf. 1849

12) Þjóðólf. s.st.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um greiðslu til sveitar sem konungsúrsk. er vitnað til í 28. sept. 1849[13]

Umræður um kosn.frv. eru í Þjóðft. bls. 171-196. Fara þær allt á dreif um beinar eða óbeinar kosningar, kosningar í hreppum, atkvæðaseðla, aðgerðir meiri hluta, fjölda þingmanna, kjördæmaskipun, kjörstofn, aldur, konungkjör, þingkjör, setu á þingi samkvæmt embætti, deildaskiptingu o.fl. og verða hér ekki öll einstök atriði rakin.

Tillaga kemur fram um það, að „þar sem konungur á að kjósa 6 menn til alþingis eftir frumvarpinu, þá kynni mönnum heldur að detta í hug, að láta þingið kjósa þá, og það því heldur, sem það er ekki lagaregla í Danmörku, að konungur kjósi". Svo segir fyrstur Jón hreppstjóri Sigurðsson[14].

Sigurður Gunnarsson tekur undir þetta[15]: „Ég held að ekkert af því, sem nú hefur verið stungið upp, sé einhlítt til þess, að tryggja kosningarnar, eins vel og það, að láta þær vera sem allra frjálsastar, þá finnst mér ráðlegt, að þingið sjálft mætti kjósa nokkra menn til næsta þings, annaðhvort úr sínum eigin flokki, eða aðra fyrir utan sig, þá sem þingmenn álíta bezta."

Þessa hugmynd rekur Jakob Guðmundsson ítarlegast. Hann tekur það grundvöll, að á annan bóginn sé rétt fyrir, að hver einst

13) Þjóðft. s. 491

14) Þjóðft. s. 174.

15) Þjóðft. s. 178.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mætur hafi sem frjálsastan kosn.rétt er á hinn bóginn, að þær sé kosnir sem til þingstarfa sé hæfastir.

Telur, að stjórnin hafi haft síðara atr. fyrir augum, er hún ákvað konungkjörið. „Því það gerir hún sjálfsagt í því skyni, að þeir menn fái sæti á þinginu, sem mentaðir séu, skynsamir og réttsettir, en ekki af hinu, að hann ætlist til, að hann ætlist til, að þeir séu fremur hans vilja háðir, en aðrir, sem á þinginu eru"16. Sama sé um kjörstjórnin, sem hún er mótfallin. „Hvað hitt atriðið snertir, að konungur kjósi nokkra menn til þingsins, þá ímynda eg mér, að það gæti fremur en fasteignabandið orðið til þess, að tryggja kosningarnar. Það má að sönnu segja, að konungur þekki ekki hvern einstakan mann, og kosning hans gæti því misheppnast. En eg geri ráð fyrir, að hann mundi ekki kjósa aðra en þá, sem eru þjóðkunnir að mentun og greind. Ei að síður neita eg því ekki, að mér þætti það miklu frjálslegra, og eins vel eða betur tryggjandi kosningar, ef að alþingi sjálft kysi í staðinn fyrir konung. Eg skal nú vegna til að skýra þinginu frá ást. mínum fyrir þessu.

Það er almennt viðurkent, að eftir því sem eitthvert þing stendur lengur, eftir því verði það stöðugra og aðgætnara. Þar af kemur það og, að menn vilja skifta

16) s. 180.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um þingmenn; því þessi stilling og varkárni getur auðveldlega orðið of mikil. Þingið getur orðið það, sem menn kalla conservativt, það er: of varkárt. Það er nú auðséð, að þetta gamla og varkára þing muni fara gætilega að kosningunum, svo því gæti tekist að kjósa eins heppilega og konunginum sjálfum. Þó er eg ekki á móti því, að þingið væri takmarkað við eitthvað í þessari kosningu, og ætti því að kjósa a.m.k. nokkra þá menn, sem hefðu annaðhvort vissa kosti eða vissa mentun ~~mentun~~ til að bera. Því ef að nú alþingi (t.a.m.) fengi löggjafarvald, þá þyrfti það á þeim mönnum að halda, sem hefðu gott skynbragð í lögum, og mætti þá gera það að skilyrði fyrir þingið, að kjósa vissa tölu lögfróðra manna, þeirra er annaðhvort hefðu tekið próf í lögum eða hefðu viss embætti á hendi."[17] Menn mundu e.t.v. vera á móti þessu fyrirkomul. vegna þess að þetta væri líkt tvöföldum kosn., en hér væri sá munur á, að þingið kýs ekki nema einungis 1/4, 1/5, eða 1/6 hluta þingmanna, en þjóðin aftur beinlínis hina alla.

„Sumum kynni og að virðast, að þessi kosningaraðferð ætti því að eins við, að alþingi eftirleiðis yrði skift í tvær deildir, og að það yrði þá, ef til vill, æskilegt, að hið gamla þing kysi þá menn

17) Þjóðólf. s. 180–181

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til næsta þings í hinni efri og líklega fámennari deild. Þó að mönnum þætti það nú óþarft, að skifta þannig þinginu í tvær deildir, mundi þó sú kosningaraðferð, sem eg hefi stungið upp á, geta komist að, og átt vel við"18)

Pétur Pétursson+ talar að ekki sé mögulegt að tala um að tryggja kosningarnar betur verði og að hafa sjálft skipulag þingsins fyrir augum, því með kosningaraðferð um verði [illegible] þeirra aldrei tryggt til hlítar. : "þetta er og viðurkent í stjórnarfrumvarpinu, því að í ástæðunum er það tekið fram, að kosningar komnar eigi að miða til, að tryggja þingið, ef því að þinginu sé ekki skift í deildir, heldur sé það haft í einu lagi. Til þessa mun og kjörstofn sá miða, sem í frumvarpinu er ákveðinn"19). En ekki mótfallinn því að menn hafi við kosningkjör ef menn sjá annað ráð eins gott til að tryggja kosn. En honum fyndist "tiltækilegra, að nokkrir menn sé sjálfkjörnir í þingið eftir stöðu þeirra og þeim embættum, er þeir hafa á hendi, heldur en að alþingi velji menn til næsta þings", því að reynslan sýni, að mjög sníðist í tvo vegu um það, hvort menn verði gætnari og vanafastari með tímanum og við langa þingsetu "Hér virðist vanur ekki vera tiltækilegra, en að skynsamir menn veljist úr kjördæmunum, til að skipa hið [illegible]

18) Þjóðf.t. s. 181.

+) Þjóðf.tíð. s. 185-186.

19) Þjóðf.t. s. 185.

nauðsynlegt, hvort sem þingið skiftist í tvær deildir eða verður einungis ein, að lögfróðir menn eigi sér setu á þinginu; en fyrir því að svo verði geta menn ekki fengið neina vissu, nema annaðhvort með því, að konungur velji, eða einhver tiltekin tala lögfróðra manna eigi jafnan setu á þinginu." 20

Þórður Sveinbjörnsson 21 gerir ráð fyrir að kjörstofn sé settur "til óhultleika fyrir því, að reynsla og þekking komi inn í þingið". Telur hann ekki tryggjandi.

"Mér hefur dottið í hug, að það mundi ekki vera úr vegi, ef menn í vissum embættum hefðu fasta setu á þinginu, og þessir menn skyldu vera ráðherrarnir, ef þeir verða nokkrir, eða þá amtmennirnir, landsyfirréttarins assessorar, kennarar beggja skólanna, biskup, féhirðir landsins og landlæknir; þá félli konungskosningin af sjálfu sér, og þessir menn mundu mynda eins og nokkurs konar efri hús á þinginu." 22 Til að fulltr. yrðu ekki of margir væri rétt, að ekki yrði nema einn kosinn í hverri sýslu.

Undirtektir manna á þessum uppástungum eru misjafnar.

Kandidat Jón Sigurðsson 23 telur þjóðina fullt vegstandandi til að kjósa bandalaust svo sem kosn. til þjóðfundarins hafi sýnt: "Mér finnst ekki heldur, að þingmenn

20) Þjóðólfr. 186
21) Þjóðólfr. 186-187.
22) Þjóðólfr. s. 187.
23) Þjóðólfr. s. 187-188.

megi vera fleiri en þeir eru, ef menn vilja annars hafa þing; því þá ætti þingið heldur að heita nefnd, en ekki þing. Eg verð að vera konungskosningunum öldungis mótfallinn; því það er gagnstætt öllum verulegum þjóðstjórnarhugmyndum; það er sama, og að gefa ráðgjöfum konungs sex atkvæði, sem væri kannske fimti eða sjötti hluti þingsins. Eg er eins mótfallinn og eg er konungskosningum, eins mótfallinn er eg því, að þingið kjósi menn til næsta þings. Því það er sama á hinn bóginn, eins og að gefa þeim flokki, sem mestu ræður á þinginu, tækifæri til, að hafa föst atkvæði fyrir meiningum sínum frá einu þingi til annars. Menn mega ekki hugsa, að þingið sé einhver engill, sem gengur á fram eftir höldum vegum; ~~menn mega gera ráð fyrir~~; menn mega gera ráð fyrir, að menn vilji fylgja fram meiningum sínum, og það er gott innan vissra takmarka. Hvað viðvíkur því, sem hinn 1. kg. fm. talaði um setu vissra embættismanna á þinginu, þá er eg ekki öldungis á móti því, en það virðist mér vera hyggilegt að vilja kvía hér til Efrihús, sem réði úrlögum á málum, og mundi það verða sú sterkasta höfðingjastjórn, sem nokkurn tíma hefur við gengist hér á landi!"

Hannes Stephensen[24] segir m. a.: „Eg ætla hvorja þá að fært

24) Þjóðþ. s. 188.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef konungur væri ekki ætlun heimt at taka frá þá konungkj.- mundi landið kjósa þá, og mundi þjóðin þá álíta þá fremur ~~sína~~ ætíð sína menn en ekki stjórnarinnar

25) Þjóðf. s. 189.

26) Þjóðf. s. 189/190.

27) Þjóðf. s. 190/191.

28) Sbr. að framan, að Jak. var sá, er fyrstur skaut hugm. fram á þingfundi

óhafandi, sem uppá hefur verið stungið, konungskosningar, þingkosn., eða að embættin sín skuli kalla þá inn í alþing. Um hitt efast eg ekki, að vit og mentun muni þingið aldrei vanta með frjálsum kosningum"

H. S. Thordersen[25] bendir á, að „hjúastofn sé óhafandi hér á landi, þar sem yfirleitt megi álíta það „almennara, að hinn mentaði sé fátækari, en sá, sem ekki hefur þurft að kosta neinu sér til mentunar." Hann er á því „að viss embættisstaða gefi rétt til setu á alþingi, eða menn sjá(i) einhvern annan veg til, að búa svo um, að þar hverfi ekki þekking á lögum og stjórnfræði, en hins vegar vil eg láta ósagt, hvort hér af leiði, að þinginu verði skift í yfirhús og undirhús. Það, sem mér liggur mest á huga, er, að útvega sem mest líkindi til þess, að upplýstir og hyggnir menn nái setu á þingi vorn."

Ásgeir Einarsson[26] telur nauðsynlegt að hafa lögfræðinga á þinginu, en telur ekki þarft að binda þingsetu við föst embr., því að það geti verið að þeir, sem þar skipa sé ekki góðir þingmenn. Hinsv. megi ef þingkjör kemst á skylda það til að kjósa lögfr.

Jón hreppstj. Sigurðsson[27] fellst nú á uppástungu Jak. Guðm.[28], en vill ekki láta kjörið vera bundið við þingmenn sína heldur væri og utanþingsm. kjörgengir. Betra væri að binda þingið við að kjósa vissa tölu embættismanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29) Þjóðólfur s. 193

30) Þjóðólfur s. 193.-194

31) s. 195.

Þórður Sveinbjörnsson[29] telur fram að tillögunni sinni hafi ekki verið sú að koma upp höfðingjastjórn, en kannske þótti „ísjárvert, að eiga undir áliti, sem menn kalla, að nefndir embættismenn fengju sæti á þinginu“; — „það koma svo undir þá flest þjóðmál hvort sem er, og ekki er ómögulegt, að þeir líka geti gefið margar upplýsingar, sem þinginu er nauðsyn á.

Jón Guðmundsson[30] telur það: óþarft og óaðlilegt hand... „að þessi æðstu embætti ....., skyldu að sjálfs. gefa rétt til þingsetu, og svo illa sem mér er við þessar konungskosningar, sem við heldur ekki getum átt við frv., ef alþingi fengi meira vald, þá geðjast mér þó miklu verr að þessari uppástungu, og álít, að hún eigi miklu verr við; því þessir æðstu embættismenn eru þó ætíð útnefndir af konunginum, og ef að þeir væru sjálfsagðir í þingið, hvort sem þjóðinni geðjast vel að þeim eða ekki, þá yrðu þeir þó því aldrei álitnir menn þjóðarinnar.

Þjóðin hefði nú með kosn. til þjóðf. sýnt hverja hún kjósi gjarnan sem og mundi sjálf kjósa þá konungkj. ef þeir væri ekki þegar komnir, nema sérstakt tilefni væri til þess hún gengi fram hjá þeim.

Árni Böðvarsson[31] er bæði á móti konungskjörni og þingkjörnum og einkum föstum embættismanna sætum; ef þessir embm. eigi verða í þinginu upp á lífstíð þá sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mætum eins mikil rit. til, að að-
þingm. á það og; en slíkt á
„tölusett utan við þessara tíma
anda" er menn vilji hafa kosn.
sem óbundnastar um kosn.-rétt
og kjördæmi og þar ~~tal~~ [illegible]"
hve. lengi kjörtímabil hvers þingm.
sé.

Kosningalaga frv. var fengið þeirri sömu nefnd í hendur, sem fengið hafði frv. um stjórnarskipunina til meðferðar.[1] Voru í henni: Jón kand. Sigurðsson, Eggert Briem, Halldór Jónsson, Kristján Kristjánsson, Jón Guðmundsson, Þórður Sveinbjörnsson, Jósef Skaftason, Stefán Jónsson og Hannes Stephensen.[2]

Meiri hluti nefndarinnar (allir nema Þórður Sveinbjörnsson) vildi að alþingi fengi löggjafarvald í málefnum landsins, skv. stjskr.frv. því, sem nefndin kom með í áliti sínu.[3]

§ 23 því ræður Alþingi Íslendinga öll mál í einni málstofu. 24 Á því skyldu 36 þjóðkjörnir menn eiga setu. Um kosningarrétt og kjörgengi til alþingis og annað, er að kosningum lýtur, skyldi ákv. í kosn.lögum.

§ 25 mætti kjósa embættismenn á þing, og þyrftu þeir ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosningu.

§ 26 áttu ráðgj. rétt á að sitja á þingi og taka þátt í umr., en ekki höfðu þeir atkv.rétt, nema þeir væru kosnir þingmenn.

Í ástæðum frv. segir nefndin: „Meiri hlutanum þótti rétt, að taka þegar fram í þessum grundvallar uppástungum það helsta um fyrirkomulag alþingis, eins og gert er í 23. gr., en taka þó ekki fram fleira eða frekara, en það er,

1) Þjóðf.t. s. 196.

2) Þjóðf.t. s. 170.

3) Álit meiri hl. í Þjóðf.t. s. 496 til 517.

4) Það kemur saman annað hvort ár fyrsta virkan dag í júlímánuði, á þeim stað, sem stjórnin hefir aðsetur sitt.

Það er rétt að athuga, að skv. uppást. nefndarinnar hafði konungur algert synjunarvald § 10. Hann gat leyst upp alþingi § 19.

Skv. § 31 skal á hverju alþingi leggja fram frumvarp til laga um fjárhag landsins fyrir hin næstu 2 ár, með greinilegri áætlun. Engin útgjöld mega eiga sér stað nema þau, sem á fjárhagslögunum eru byggð. Skatta má ekki heimta, nema um það tímabil, sem fjárhagslögin leyfa.

4) Þjóðf.t.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.

5) Nál. meiri hl. s. 526-535.

haldur gegnum hitt annað, sem að því lýtur, kosningarlögunum. En þær ákvarðanir, sem hér eru teknar fram, fanst oss að leiddi beint af ásigkomulagi þjóðarinnar og landsins. Og sama er að segja um uppástungurnar í 24.-36. gr., að þar er farið því einu fram, sem öllum löggefandi þingum er áskilið, þar sem er takmörkuð konungsstjórn"!

Nefndin klofnaði og um kosningalögin og var J. Sol. einn í minni hl. Meiri hl.s leggur eindregið til að eignaskilyrði þau, sem stjfrv. setti upp, verði feld niður og vitnar réttilega í gamla mótstöðu landsmanna gegn þessum ákv., einkum að því er kjörgengi snerti (sbr. Alþt. 1849 s. 709-714). Þó virðist nefndinni það lítt skiljanlegt eftir, að þessi skilyrði höfðu verið feld niður í frv. til kosnl. til þjóðfundarins, og þau lög verið meðfram hluta þjóðarinnar að skapi, að nú skyldu þau tekin upp að nýju. Segir svo á s. 527:

„Nú segir stjórnin að vísu í umgeragsástæðunum fyrir frumvarpinu," „að þessi þjóðfundur (sem kosið var til eftir þessum frjálsu kosningarlögum) sé fremur (sérstaklegs eðlis", og „þó það einkum hafi legið fyrir höndum, að kaupfara til Íslands í aðalatriðunum hinar sömu frjálslegu reglur, sem bygð eru á dönsku kosningarlögin, þá virðist vag ástæða til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að heimta nokkurt meiri vissu fyrir staðfestu hjá fulltrúaþingi því (þ.e. á Íslandi), heldur en fyrir fulltrúaþingi alls ríkisins, sem skift er í tvær þingdeildir", og „því hafi legið nært, að setja í öðru tilliti stig þann, sem greiddur hefur verið fyrir landsþingið, að heimta meiri vissu fyrir löggjörðinni".*

En þó nefndin játi fúslega, að það sé enn þá meiri trygging fyrir réttum og góðum málalyktum, að hafa tvær málstofur heldur en eina, þar sem á sér stað sá stéttamunur og ástandsmunur manna og fjármagn og fulltrúafjöldi, að þessi skifting fulltrúavaldsins eigi við, og því megi þar vel eiga við yfirhöfuð, að hafa bundnari löggjörðir til annarar málstofunnar en hinnar, þá getur nefndin samt ekki fallist á, að þetta [illegible], sem uppá er stungið, eigi við hér á landi, af því það gefur enga frekari né áreiðanlegri vissu fyrir, að með því móti fáist betra fulltrúaefni, eins og sýnt er fram á hér að framan og oftsinnis er tekið fram á hinum fyrri þingum."

Nefndin vill því sem mest fara eftir ákv. l. frá 28. sept. 1849 §§ 3 og 4 og þá vill hún veita 25 ára manni kosningarrétt.

Hinsvegar virtist nefndinni rétt „að tryggja, svo sem unt er, skynsamlegar kosningar" og er hún hafði ath. marga vegu var hún á sátt um þá till. „að því að eins

*) Setur br. er í mál., en þessi gæsalappa-hermning þess eft. stjfrv. er ekki öll orðrétt en hinsv. efnisrétt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldi nokkur maður geta orðið þjóð-fulltrúi fyrir nokkurt kjördæmi, að hann hlyti meiri hluta allra þeirra atkvæða kjósandanna, sem greidd væru og gild".7

Nefndin telur það „ógerandi, að skifta landinu í kjördæmi með h.u.b. jöfnum fólksfjölda" og vill því halda hinum fyrri kjördæmum.8

„Hvað fulltrúatölunni viðvíkur, þá virðist meiri hluta nefndarinnar, bæði eftir högum, og einkum með tilliti til þess, að vér treystum því, að alþingi fái löggjafarvald, að ekki megi færri þjóðkjörnir menn eiga þar setu en 36. Til að ná þessari tölu álítur meiri hlutinn það réttast, eins og hér stendur á, að hvert lögsagnarumdæmi kjósi 2 fulltrúa, að undanteknum 2 hinum fámennustu sýslum: Vestmannaeyjasýslu og Strandasýslu.

Að kjósa 2 fulltrúa í hverju kjördæmi hefur þann kost við sig, að kjósendum þar við gefst færi á, að sjá um, að hjá fulltrúum kjördæmisins sé bæði almenn menntun og þekking á því einstaklega, og er mjög líklegt, eftir því sem vér þekkjum til, að annar fulltrúinn verði einhver sá embættismaður, er menn bera mest traust til."9

„Með tilliti til þess, að konungi er ~~áskil~~ ... áskilinn réttur til, að nefna sex menn til þingsetu, þá skiljum vér ekki, að það geti átt við eftir því fyrir komulagi, er vér treystum að verði á þinginu

7) Þjóðf.t. 528.

8) Þjóðf.t. 529.

9) Þjóðf.t. 529-530.
Þá aðhylltist nefndin og til að skifta með þessum kjördæmum í tvent.

47.)

10) Þjóðólfur s. 530.

Auk þessa eru aðrar, ýmsar fleiri
breytt., sem hér skiptir ekki skifta
verulegu máli, t.d. vildi nefndin halda:
því, að ekki mætti kjósa utanhéraðsmann
nema sannað væri að hann gæfi kost á
sér. Einnig þarf ekki að sanna kjörgengi
þess, sem maður ætlar að kveðja til, en hal.
kjörstj. nema eða grun um ókjörgengi hans
skal hún vanda á það, en alþingi dæmir
um kosninguna sé rétt kjörinn. s. 535
ekki goldið til sveitar"

úr því konungur vor hefir heitið
Íslandi hinu sama frelsi, sem hann
hefir veitt þegnum sínum í Dan-
mörku, auk þess að það kynni að
hafa mjög ískjárvert áhrif á kosn-
ingarnar í gagnstæða átt, og því
verðum vér að ráða frá, að þessi
ákvörðun verði samþykkt." 10

Í samræmi við þessar át. eru
svo breytingartill. nefndarinnar.

§ 2 skyldi svo orðast:

„Kosningarrétt til alþingis á hver sá maður
sem hefir óflekkað mannorð og innlends
manns réttindi, er 25 ára að aldri, þá er
kjósa skal, og fjár síns fullráðandi, og
geldur til sveitar af efnum sjálfs sín.
Eigi skal álíta mannorð þess óflekkað,
sem sekur er orðinn að lagadómi um
nokkurt það verk, sem svívirðilegt
er eftir almenningsáliti; ekki heldur
neinn sá, sem mál hefir verið höfðað
á hendur um slíkt verk, nema hann sé
dæmdur saklaus.
Sá maður hefir eigi kosningarrétt, sem
er öðrum háður sem hjú, og ekki heldur
sá, sem er af vinnuhjúastétt, þó hann
einhverra hluta vegna eigi með sig
sjálfur það ár, er kosningar fara fram.
Svo á maður og eigi kosningarrétt,
ef hann hefir þegið af sveit, nema
það sé endurgoldið, eða honum sé
gefið það upp.
Kosningarrétt ber að neyta í því kjör
dæmi, sem kjósandi er heimilisfastur í,
þegar kosið er."

§ 3 svo:

„Kjörgengur til fulltrúa á alþingi er hver
maður, sem hefir kosningarrétt eftir 2 gr.
Þó má kjósa til fulltrúa hvern [illegible] mann
sem að öðru [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11) Álit hans er á Þjóðf. 536-539

Minni hl. (Þórður Sveinbj.) "bendir einkum á, að þar sem alþingi geti nú orðið löggefandi a.m.k. í innlendu-málefnum, þá sé mjög nauðsynlegt „að tryggja kosningarnar til þessa þings, svo að ekki sé að öllu leyti bleyptt til skipbrots, og lagt í vald blindrar hendingar, hvernig ráða skuli hér á landi lögum og lofum eftirleiðis". Hafi hann því ekki fallist á það hjá meðnm. sínum að konn. skyldu vera að öllu óbundnar, og að vilja „kasta frá sér hverju því hendi, sem af upplýstum þjóðum (reynslan í slíku en nú Íslendingar) hefur verið á haft því til tryggingar, að þekking og reynsla nóg í stjórnar- og löggjafar-málum geti átt sæti á þingi. Hér stendur ótti af, að hugsa til þess, að lögin, þetta band borgaralegs félagsskapar og trygging borgaralegra réttinda, séu í föðurlandi mína fengin í hendur einhverri tilviljun, því svo kalla eg það, þegar kosningar alþingismanna takmarkalaust eru fengnar einni einustu stétt í hendur, og það þeirri stétt sem eins hér og annarsstaðar er leiðitömust við flokkaforingja, af því hún, eftir stöðu sinni, ekki hefur haft færi á í stjórnarmálefnum og löggjöf að afla sér nægrar þekkingar, þá kann hvorki skorti gáfur né þekkingu að öðru leyti" 12). – Í þessu skyni hafi stj. lagt til að nokkrir þingm. yrðu konungkj. og kjörstofn settur fyrir kjörgengi. Það síðara sé gagnslítið eða laust og vanhlítt og mundi verða

12) Þjóðf. s. 536.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Um konungskosningarnar er það að minni meiningu að segja, að þó þar sje ekki nokkra vissu fyrir, að þekking og reynsla líka þá að tala með í þinginu, þá er það þýðingarlítið á löggefandi þingi, á meðan nú tíð varir, að konungur og þjóð skoðast sem 2 stríðandi kraftar, er hver vilji annan yfirbuga. Þeir konungkjörnu mega því oftast við búast, að verða í minni hlutanum, stundum máske meðfram af því, að þeir eru konungkjörnir, og máske sjá þeir missmíði, sem hinir engin sjá, eða ekki vilja sjá. Mér er það og alleinasamt, hvort konungur getur skyldað þá til þingsetu, er ekki vilja, en viljugur ætla og enginn konungkjörinn fari. Að minni meiningu mætti stjórnarinnar tilgangur með því, að alþingissæta, eða máske réttara sagt skylda til að sitja á alþingi, væri bundin við viss hin æðri embætti í landinu. Sá, sem sækir um embættið, veit þá, að hverju hann í því tilliti á að ganga. Þessi embætti ætla eg ættu að vera nú sem stendur:

1. Þau 2 amtmannaembætti.
2. Landsyfirréttarins 3 embætti.
3. Biskupsembættið.
4. Lectorsembættið við prestaskólann
5. Rectorsembættið við hinn lærða skóla
6. Landlæknisembættið.
7. Landfógetaembættið.

Ef svo færi, að amtmanna embættin af tekin yrðu, og stjórnarinnar gæti skipað einn hér í landi, gætu þessir 2 komið í hinna stað. Af þessum 10 mönnum með venjulegum þingmannalaunum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ætlast eg til að myndast geti: nokkurs-konar yfirhús (lögrétta); því eg held naumast mögulegt, að þingin verði tvískipt, af flokkadráttanna áverkanir á þingsins ályktanir ættu að gerast óskaðvænar. Á þennan hátt yrði í lögréttunni séð fyrir öllum landsins aðalmálefnum, dóms- og framkvæmdarvaldi, kirkju- og skóla-málefnum, heilbrigðis- og fjár-hagsefnum. Í undirhúsinu (~~lögberg~~ (lögbergi) ætlast eg til, að þeir frjálst kjörnu þingmenn sitji, um hverra tölu og kosningarmáta eg strax skal tala. Eg veit, að margur kann að segja, að þessi mín uppástunga lýsi mér sem konungkjörnum, svo ófrjálslynd sé hún; en eg bið það athugað, að þetta er það sama frelsi sem land þetta hafði, þegar það var sem frjálsast, eða máske réttara sagt engum háð, nema sjálfu sér. Aldrei hefur löggjöf og stjórn hér í landi verið í al-múgans hendi. Hvorttveggja var fyrrum hjá þeim svonefndu goðum sem með ráðgjöfum sínum, sem þeir völdu að eigin vild til lög-réttusetu með sér, réðu hér fyrri lögum og lofum. Eg fæ ei betur séð, en með engu verði betur fullnægt úrskurði Kristjáns konungs 8. frá 20. maí 1840, en með því, að færa inn í alþingi vort þá sömu höfð-ingjastjórnarundirstöðu, sem var í alþingi hinu forna." 13

„Í tæði og efnahag þessa lands yfirhöfuð, ætla eg kröftum þess sé fullboðið, þegar 20 væru kjörnir

13) Þjóðf. 536-538

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þjóðkjörnu fulltrúar, og af því væri nefndur einungis 1 fyrir hvern lögsagnarumdæmi; en af því þau eru að eins 19 mætti: það fólksríkasta á landinu, Árnessýsla, kjósa 2."[14]

E.t.v. mætti: gera Vestm. og Rangárv. s. að einu kjördæmi og það kysi 2. Telur ómögulegt svo í nokkru lagi því að fara hér eftir leitt eftir fólksmergð í kjördæmum og eins að skifta landinu í ný kjördæmi.

„Ég sé að sönnu, að stjórnin í frv. þessu ætlast til, að í alt þá í 36 manna alþingissetu með þeim konungkjörnu, en þó mér þyki 30 nóg, og það oftar en sjaldnar hafi sýnt sig, að ekki er alt unnið með höfðatölunni, væri og þó ekki ótilhlýðilegar til, að þessi tala næðist, með því að láta fleiri af þeim fólksríkari sýslum kjósa 2 fulltrúa þótt engin þessara nái fólkstölu Árnessýslu, þó undir því skilyrði, að þingin væri skift, eins og eg áður hef stungið upp á. Væri og þessi útbúnaður við höfð, og þeir 10 sjálfkosnu embættismenn fengju setu á þinginu, ætla eg engan kjörstofn þurfi, til að tryggja þjóðkosningar, og að aðferðin mætti vera að öllu eftir kosningarlögunum frá 28. sept 1849 frá 3. grein til enda, með þeim breytingum sem af því leiðir, að ekki væru 2 aðstoðar kosnir fyrir hvert kjördæmi."[15] En því samþ. að afnema meiri hl. þurfi til að ná kosningu

14) Þjóðólf. s. 538.

15) Þjóðólf. s. 538

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo sem kunnugt er sleit Trampe fundinum áður þessi mál gætu komist aftur til umræðu á fundinum, enda voru nál. í kosningarl.frv. bæði dagsett 9. ág. sama dag og Trampe framdi afreksverk sitt[16].

16) Þjóðólfr. 535 og 539, sbr. 412.

53,

Fyrir þingið 1853 komu ýmsar bænarskrár um breytingar á kosnl. Menn komu sér þó á þinginu saman um að láta allar meiri háttar breytingar liggja í salti; þar til séð væri hvernig um stjórnarhag landsins færi, og ekki sést að á skiptingu þingsins hafi verið minnst.

Þingið hélt sér að því að fara fram á breytingar, þar sem almennt væri viðurkent með gildum rökum, að breyting væri öldungis nauðsynleg. Ályktað var að biðja stj. að semja frv. sem bráðabyrgðl. og skyldu aðalatriði þess vera þau.

1. að kosningarrétt hafi allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta. Samþ. 19-2.

2. að kosnr. hafi enn fr., þó búlausir séu:

a. allir embættismenn, sem annaðhvort hafa embættisbréf frá konungi eða stiftsyfirvöldum

b. vísindamenn, sem tekið hafa lærdómspróf við háskóla erlendis eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, og [illegible] hátíð.

c. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar a.m.k. 4 rbd. árlega og standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk.

Þessi str. samþ. 20-1, samþ. samhlj.

3. að þeir þurrabúðarmenn, sem gjalda til sveitar 6 rbdd. árlega, hafi einnig kosningarrétt.

Samþ. 13-7.

4. að kjörgengi sé óbundin við

1) Alþt. 1853, s. 22. 25. 49. 151. 57-59, 342-412, 506-523 og einkum bænarskrá til konungs 975-982.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við alla fjáreign eða greiðslur til almenna þarfa, en þó sé allir þeir undanskildir, sem þiggja sveitarstyrk.

Samþ. 18–3.

Fleiri breytingar voru samþ. og skiptir hér ekki verul. máli aðrar en sú, að þess skyldi krafist að þingmenn héldu algeran meirihluta.

Ekki náði þó heldur krafa í umr. um stjórnarbót[2] hvernig skipta ætti alþingi. Mönnum sýnist hins vegar koma saman um, að þó auka beri löggjafarvald þingsins, þá sé að svo komnu rétt að láta bíða að ræða um nánara fyrirkomulag þess, svo sem þingmannafjölda,[3]

Eftirtektarvert er þetta ályktarorð konungsskrárinnar:

„að Íslendingum, fyrir komu fulltrúa sína, veitist réttur til, og verði gefinn kostur á, að eiga atkvæðisrétt, að jafnri tiltölu við aðra hluta ríkisins, í öllum sameiginlegum málum alls konungsveldisins, þeim, er lögð verða undir umræður og úrslit eins aðalríkisþings fyrir gervalt konungsveldið, að alþing kjósi þessa fulltrúa með meiri en helmingi allra atkvæða"[4]

~~Umræður~~ Fyrir þingið 1855 var lagt stjfrv. til breytinga á kosnl. og þar í mörgum atr. farið eftir till. alþ. 1853[5] en í sama kreyft til umr. á þingi svarest

2) Alþt. 1853, 22, 50, 60, 61, 92, 176, 107–119, 648–664, 725–728, og konungsskráin 1041–1054.

3) sbr. einkum s. 653 og 1049.

4) Alþt. s. 1054.

5) Alþt. 1855 viðb. A. s. 31–43.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nú mest um þessi atriði, þ.e. kjörgengisskilyrði o.þ.h., en ekki var rætt um fjölda alþm. né skipun þingsins né skiftingu.[6]

Þingið þeldi að fara að þessu sinni fram á breytingar á stjórnarskipun landsins[7] og ekki er getið um skipun alþ. í umr. þeim, er um málið urðu.[8]

6. jan 1857 kom tilskip. um breyting á á tilskip. 8./3. 1843, viðvíkjandi kosningum til alþingis[9]. Hér skifta þessi ákv. máli:

§1. Kosningarrétt til alþingis skulu hér eftir eiga:

a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta. Þó skulu þeir, sem með sérstaklegu lagaboði leyfist að vera undan skildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosningarrétt sinn.

b.) embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbréf, eða eru settir af stiftsyfirvöldunum á Íslandi.

c.) þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó ekki sé þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

d) kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar a.m.k. 4 rdl. árlega,

e) þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa a.m.k. 6 rdl. árlega.

Þar að auki getur enginn átt

6) Alþt. 1855, s. 11, 20, 177-198, 234-260, 303-307.

7) Alþt. 1855, s. 177

8) Alþt. 1855, 168-177

9) Sbr. Alþt. 1857. Viðb. s. 85-87

kosningarrétt, nema hann hafi þá hæfilegleika til að bera, sem til eru teknir í tilskipun 8. marsm. 1843 § 4 og hefur einnig, þegar kjósa skal, verið heimilisfastur í kjördæminu í eitt ár. Ekki getur heldur sá átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða gefinn honum upp.

§ 2. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem kosningarrétt hefur skv. § 1, ef hann auk þeirra hæfilegleika, lútandi að honum sjálfum, sem taldir eru í tilskipun 8/3. 1843 §§ 4 og 5, ennfremur fullnægir þeim kröfum, sem gerðar eru í nefndri § 5 nr. 1, 4 og 5. Þó má þann kjósa, sem á heimili utan kjörþingsins, eða verið hefur í því skemur en ár.

§ 5. Engan má kjósa þann, sem utan kjörþingsins býr, nema það sé sannað fyrir kjörstjórninni, að hann sé kjörgengur og vilji takast kosninguna á hendur í því kjördæmi og engu öðru.

Frv. § 7 var breytt algerlega meiri hluta til kosn. þingmanna.

Þingið 1857 samþ. eina bænarskrá um stjórnarbót, og þar sem segir um viðauka á valdi alþingis, en eigi sést að rætt hafi verið nánar um skipan þess.[10]

10) sbr. Alþt. 1857 s. 19-29. 246-257, 292-311, 525-532.

bænarskráin;

Alþingi ~~18~~ 1859 ítrekar enn með bænarskrá fyrri kröfur um stjórnarbót, en ekki sést í þeim umræðum, sem þar af spunnust á þinginu, ítarlegar farið út í skipan alþingis né minnst á skiftingu þess.[1]

Alþingi 1861 sendir bænarskrá til konungs um stjórnarbót, og ~~hinsvegar~~ skorar á hann að kalla hið fyrsta saman þjóðfund og leggja fyrir hann frv. um málið, hinsvegar fer þingið ekki út í einst. atriði umbótanna, og vitnar þó til fyrra álits um grundvallaratriði þau viðkomandi[2], en hvergi sést að minnst sé á skipan alþingis né skifting[3]. Ekki sést á þessi atr. heldur drepið í umr. ~~þinns~~ um breytingu á þingsköpum, er fram voru komnar[4]

Alþingi 1863 sendi ekki bænarskrá um stjórnbótamálið en það er aðalatriði ávarps þess til konungs, sem þingið sendir! Hvorki í því né ~~umræð~~ umræðum um málið, sést vikið að einst. atriðum um ~~skipan~~ „konul. alþingis né skifting þess"[5]

[né bænarskr. til þings]

Á Alþingi 1861 bar Halldór Kr. Friðriksson fram tillögu þess efnis, að alþingi skoraði á konung að ~~setja~~ semja fram viðbæti við kosnl., að allir þeir, er eigi 100 hndr. í jörðu, hafi rétt til að sitja á alþinginu, ef þeir vilja á [illegible]

1) Alþt. 1859 s. 72, 338-339, 1274-1289, 1456-1458, 1814-1821

Alþt. 1861.
2) [illegible] s. 1831

3) Alþt. 1861, s. 10, 165, 185-198, 217, 1442-1469, 1568-92. bænarskráin 1827-1832

4) Alþt. 1861: 20-29.

5) Alþt. 1863 I 71-74, 291-294, 517-521 (ávarpið); II. 55-63, 823-824, 1180. sbr. s. 56. H. um endurtekt konungs undir bænarskrá Alþ. 1861, s. 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þótt eigi sé þeir þjóðkjörnir, og njóti þar alls hins sama réttar, og alþingismenn hafa"6.

Ástæður fyrir þessu telur flm. þær; að skv. hinum eldri kosnl. hafi kosnréttur og kjörgengi mestmegnis verið við það bundin, að menn væru jarðeigendur, og skv. þessum rétti hafi kostnaðurinn, er leiddi af alþingi, mestmegnis verið látinn lenda á þeim. Nú hafi forréttindin fyrir landeigendur verið afnumin en gjöldin haldist á þeim, og sé því tillagan tilkomin til að „bæta úr þessum ójöfnuði með því að hér er þeim, sem mest gjalda til þingsins, gefinn kostur á að sitja á þinginu".

I

að Tillagan sé frjálslynd, og þess sé þess að vona, að hið frjálslynda þing taki henni vel, því fremur sem hún „bakar engum tjón meiri eða sviftir neinn réttindum"

II

að því fleiri sem sé á alþingi af „heldri mönnum" því meira álit fái þingið hjá stjórn og þjóð.

III

IIII

að þeir einir muni nota sér þenna rétt, sem láti sér „annt um þingið og málefni þess", og sé hagur fyrir þingið að fá slíka viðbót, og úr þinginu verði „þannig fjölmennara, kemur þjóðarviljinn ljósara fram"

V

að það mundi verða bezt landinu, sem kæmu og með því mundi menntunarkraftur

6) Alþt. 1861 s. 278, málið var frh. 277-287.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingsins aukast „því með velmegun-inni fylgir yfir höfuð meiri mentun en með fátæktinni“

Ef menn óttist, að of mörgum verði veittur réttur með hvesta hundraðatölunni, en sennilega munu einungis fáir nota þenna rétt 7)

7) Skv. 277-279

Guðmundur Brandsson benti á

1) að nýlega sé búið að afnema fast-eignir sem kjörstofn og hafi það verið skv. vilja þjóðarinnar.

2) Ósýnt sé, að þessi till. sé í sam-ræmi við óskir þjóðarinnar og hafi engar raddir heyrst í þá átt.

3) Alveg sé óvíst, að þeir verði betri þingmenn en þeir fá-tækari, og alt eins vel geti

4) þeir sem eiga 100 hndr. í jörð verið ómentaðri [illegible] sem ágætir og mentaðir menn. Alm. mun til þess ætlast, að alþingis-

5) tollarnir verði lagðir á fleiri gjaldstofna, og sé þá úr mis-rétti bætt. Nógur tími sé að koma fram með slíka uppá-st. sem skaðlaus er alþingi

6) hafi fengið meira vald. 8

Þvert sé að sú till. miðist að auka álit alþingis „því eitt atkvæði með eða móti hverju máli getur bæði spilt og bætt“.

8) Skv. 279.

Magnús Andrésson benti á, að ef þúsund-hundr. menn væru kosnir til þingsetu en aðrir mundu

8) þjóðin fælast þá og kjósa til þingsetu fremur öðrum. Till.

1) komi í bág við það, að hafa nýlega afnumið kjörstofninn 9

Stefán Eiríksson virðist till.

9) stefna mjög frjálsleg, því sem þessir menn eigi heima réttinn að

9) Skv. 279-280.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10) s. 280

borga skatt af þingfjenu, sem
nemur kostnaðinum. Fleira mundi
athugavert og sé rjett að bíða og sjá
hvort alm. sendi bænarskrár um
framgang till.[10]

10 Hugi Einarsson telur, að hér
sé verið að gera tilraun til að koma
upp „einhverju „Aristokrati"". Vitanl.
sé að slíkt hafi reynst mentaðri þjóðum
þótt gott t.d. Englendingum. Till.
kunni að vera í ósamræmi við frjálsl.
kosnl. Eins komi hún af mönnum
fram, „þar sem vér, ekki einu sinni höfum fengið
6) skattgjafarvaldið". Þessir menn
geti reynst vel, en þeir geti og
reynst illa og dregið eignir
11) manna. Rétt sé við, að þeir verði
of margir, og kunni þeir að selja
þingið til þess að koma máli
sínum fram í einu máli, t.d.
ef verða ætti jarðeigendur til að
selja eignir sínar, svo sem hvergi
hefði verið í Danmörku eða t.d.
hér vegna kláðamálsins. Ef þeir
væri ekki sé till. gagnslaus,
12) ef þeir væri, geti þeir ráðið
lögum og lofum á þinginu.
Aldrei ætti að vera fleiri af þessum
mönnum á þingi en helmingur
á móti þingmönnum þeim, er at-
kvæði greiða". Till sé gjört í mörgu
stað: og „frjálslega hugsuð" en
þurfi betri umhugsunar, því
væri best, ef tillm. vildi nú
taka hana aftur.

Halldór Kr. Friðriksson ítrekaði
ummæli sín. Taldi sig eigi hafa
sagt, að alþingi væri þjóð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V

eigendur hafa rétt til að vera þingmenn, heldur að varalegast fylgdi mentun með auðnum. Sá þá a.m.k. almenn skoðun, sem m.a. sjáist af að flestir landeigendur þingi sé með þeim elsta. / Tafalaust fm. heldur, að skv. uppást. sinni geti menn komist á þing, sem væri jafnvel hafir og sumir þeir, sem nú sé þingmenn, og geti mangar ástæður verið til þess að slíkir menn komist nú ekki að. T.d. að þeir búi fjarri kjörstað og sé því ekki kunnugir þeim, sem þar búa margir, en þeir hafi mest áhrif á úrslit kosninganna.

undir þetta tekur Jón Pét. á s. 285. (uppástungan)

„Það er misskilningur, að tillaga hans í gagnstaða átt við kosningarlögin; hún vill ekki þrengja eða skerða þann kosningarrétt, sem er; hún talar ekki um hann, en vill að eins gefa þeim þingsetu rétt, sem ekki hafa hann eftir kosningarlögunum"

1) Ekki hafi sú komið till. um að flytja alþingiskostnað af jarðeig. heldur leggja hann öðru vísi á þá.

5) Þér sé ekki um skatt að ræða, því að menn ráði sjálfir hvort þeir leggi þessi útgjöld á sig með því að nota réttinn. Þeir muni ekki verða margir ~~sem~~ og ekki heldur þeir sem noti þenna rétt eigi nægar eignir til að hafa gagn af þessu ákv. ~~og sem þeim sem notir kunna~~ „víst svo margir, að þeir muni bera þingið ofurliða, þó ég ekki viti það fyrir víst!" Tæplega muni að ná í þá út um alt land til að greiða atkv. um eitt mál.

9)

12)

Alþt. 1861 s. 281-282

Jóni Hjaltalín fannst till.-skrifin
og fara á móti venjulegu þjóðanna
10 um: þetta hafi mikið verið rætt í
Engl., Frakkl. og Þýzkal. og hafi þar,
mörgum vitrum mönnum þótt í-
skyggilegt að binda þingsetuvétt við
eignir manna. Fall [illegible] og fullt
V höfuð ekki að ið samfara. Till.-kenni
að hvetja menn til að eignast fé, en
meira sé þess vert að menn væru
hvattir til að gæta fengins fjár,
hér hafi menn nógar jarðeignir en
það vanti, að þær sé ræktir. Slíkir
eignamenn mundi þykkjast „töluverðir
karlar" og telja „sem þingmanna-
sæti heldur þann skipað á móti
12) sér". Ef till. hefði verið lög 1859
hefði ekki „einn einasta valla af
þeim 80.000 fjár, sem kláðanum var"!
Þannig slík mál geti að höndum
borið. Þingið þurfi á sem
mestri mentun að halda, en ekki
sé sannað að hún fylgi auði.
13) Hart að gera slíkum mönnum
hærra undir höfði: en t.d. þeim, er
ekkert hafa að gert í prestaskólanum
þingm. geti e.t.v. fjölgað um [illegible]
14) við það mundu þingat. og umr.
lengjast.[1]

Guðmundur Brandsson á [illegible]
fyrri ummæli sín. Benti á, að
afnumin eigi hefði verið kosinn til
þings. Einir tveir þingmenn mundi
eiga yfir 100 hundr. í jörðu af
því er þá svo mikið og þá það sé
[illegible] þingmenn, þá sé sama
hverra fátækari það og, t.d. V.-Skaft.
Ef till. yrði samþ. mundi e.t.v. og
koma till. um að hækka [illegible]

[1] Alþt. 1861, s. 282-283

V

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þangað sama rétt og þeir, sem
13) eiga vissa upphæð peninga á vöxtum[1]
og hvað yrði úr þinginu, ef allir
þessir menn kæmust svona inn í
það?[3]

Björn Pétursson tekur undir þessi ummæli, skorar á tillm. að taka hana aftur.[4]

Halldór Kr. Friðriksson spyr hvort Jón Hjaltalín muni bera fram till. um að „útiloka lávarðana á Englandi úr málstofunni þar", svo sem hann hafi viljað. Getur ekki óttast, að þeir, sem fái þingsetu-rétt skv. till., verði svo margir, að
17) þjóðkjörnir komist ekki upp með mótvægi gegn þeim, á Vesturlandi ætti/mundu einungis vera 3-4 (Jón Sigurðsson frá Haukagili tekur það fram, en H. Kr. F. efar). Einn þessara mundi verða Brynjúlfur Benediktsen og væri ekki til ónýtis ef slíkur maður kæmist á þing. Það sé rétt, að ríkir menn
V geti verið með öllu óhæfir til þingsetu, en naumast þurfi að óttast, að margir af þeim muni sækja þingið á sinn kostnað. Ekki komi til greina að leyfa þilskipaeigendum
15) eða peningamönnum þingsetu þegar en hitt sé að hverfa á lögn.-regl. alþingistöllum.[5]

II Jón Pétursson telur uppást. sanngjarna og í alla staði réttláta. Styður efnisl. niðurstöðu H. Kr. F. og er því óþarft að taka þann atr. upp. Spyr hvort nokkrum manni sé óréttur ger, þó uppást. sé tekin. Hann heldur ekki

3) Alþt. 1861. 283.

4) Alþt. 1861. 283-284.

5) Alþt. 1861, s. 284

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„eða halda menn, að þeir sem eftir
kenni ætlaðist þingsetu, mundu álasa
þinginu fyrir það? Það mundu þeir
víst ekki gera". „Að því er það snertir,
að þingið hafi ekki jafn magilegt vald,
og uppástungan því sé of snemma
borin upp, þá skil eg þetta ekki; því
hvernig getur það verið hættulegra,
að þessir menn komi á þingið
og gefi stjórninni ráð, sem hún
(6) eigi þarf að fylgja fremur en hún
sjálf vill eður sýnist rétt, en að þeir
komi á þingið, og gefi þar tillögur
sínar, sem að nokkru leyti geta
bundið stjórnina?" – „Margir hafa
haft það, að óttast mundi þurfa,
að svo margir kæmi á þingið, ef
uppástungunni yrði framgengt, að
12) þjóðkjörnu þingmennirnir ekki
kæmist upp fyrir mótvægi við
þeim, en eins og eg á annan bóg-
inn ekki held ástæðu til að óttast
þetta, sízt svo fljótt, eins kemur
mér það á hinn bóginn til hugar,
að menn hafa kvartað yfir því, að
ekki hér á þinginu væri í mál-
stofunni, og væri þetta einmitt
VI hin bezta ástæða fyrir að taka
uppástunguna, því hún yrði þá
bæði og heimuleg vegurinn til að
greiða fyrir því, að þingið mætti
tímanum fengi í málstofuna.6.

Konráð Gíslason skilur uppást.
ekki vel, að því er hann segir.
Telur að nok auts og menturnar sé
..., sönglyndi og samgirni gjörir
V þingkostir. Aðstæðum fylgi ekki atg.
mentun og ekki kalla hinir
eigin leikari... kennir menn

6) Alþt. 1861. s. 284-285.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefur eftir H.K.F. að á Vesturl. væri einungis 2.

1) Alþt. 1861. s. 285–286.

maður hafi t.d. ekki ófeðrast manni? hættu að lofa þjófinum að atkvæði málið og skorar á tillm. að taka hana aftur. Alþt. 1861. 287

Tók þá tillm. hana aftur.

mundu verða fastir á fé af við þeim hagsmuni gjöri hann t.d. með skatta lögum "fyrst "hér um bil" geta "fullgert", að hann þekki í einni minstu sýslu 6-7, sem gjöri með þingaðsetu skv. uppást., enda sé það að ef honum megi setja svo til megir í þingið sé till. (gagnslaus), en sé gagn í henni sé náttúrlega mest gagn, að sem flestir komi. "Mér virðist því uppástunga þessi svo vel og frjálslega sem hún er hugsuð, vera miður grunduð."1)

Jón Hjaltalín: "Út af því sem hinn heiðraði uppástungumaður og einnig minn tölati til míns um bi-varða málstofuna ensku, þá verð eg nú að segja það, að geri ekki uppástunga hans meira gagn en sú málstofan, þá bygg eg ekki fé við henni, að minsta kosti gæti eg sagt honum enska bók, sem eg hefi til, og er henni þar ekki haldið svo afarmikið sem gagnlegri og uppbyggilegri!" – Spyr að því hvort ekki þurfi að breyta þeim lögum, sem þegar sé til, ef till. væri samþ.

Páll Sigurðsson telur uppást. að vísu frjálslega hugsaða að grunda- en ekki nægilega íhugað og of snemma fram borna. Af hverju sé þingsæti einmitt bundin við 100 hndr. en ekki t.d. 40-50 hndr.? Auðugir menn sé yfirleitt meir þektir af kjós. en fátækir og hafi þessvegna betri aðstöðu til kosningar. Menntun og efni sé mjög nauðsynleg, en þetta fari ekki alt saman. Eins megi spyrja hvort [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur